


39 Hagavatnsvirkjun

Tilhögun Hagavatnsvirkjunar gengur út á að virkja Farið, útfall Hagavatns, hækka vatnsborð vatnsins og nota það sem miðlun. Virkjunin yrði sennilega tengd flutningsneti Landsnets með 66 kV jarðstreng um 5 km leið að núverandi Sultartangalínu 1.





Afl 20 MW_e, orkugeta 140 GWh/ár.

FH III/FH IV: Gæði gagna B. FH III: Áhrif 77, FH IV: Kostnaðarflokkur 5,

Umsögn faghóps I

FH I: Gæði gagna B/B. Hagavatn Verðmæti/Meðaltal 3,6/8,0. Áhrifaeinkunn/Meðaltal 2,9/5,4.





Sérstakt mikilvægi

Móbergshryggir, m.a. Jarlhettur, foksandur, jökulset, jökulminjar. Straumvötn og jökulkvíslar, s.s. Farið, Nýifoss, Leynifoss, Jarlhettukvísl, auk Hagavatns. Mat á verðmætum f. jarðfræði og vatnafar 5.

Flóran viðist vera fremur tegundafábreytt miðað við hæð yfir sjó, engar fágætar tegundir. Lág einkunn fyrir bæði auðgi (4) og fágæti (1). Gróður er slitróttur, um 14% kortlagða svæðisins teljast gróin og endurspeglar gróðurinn mikið sandfok: moslendi, mólendi, graslendi. Rýrt miðað við hæð yfir sjó, illa leikið af uppblæstri. Núverandi gróður er langt frá því að endurspeglar e-s konar „náttúrulegt ástand“ eða potential.

Fuglalíf lítið skoðað, en áreiðanlega mjög strjált, líklega 6 teg. Varpfugla. Teg. Á valista rjúpa og líklega hrafn. Einkunn fyrir fuglalíf 1,0.

Engar rannsóknir á fiski og mjög litlar á smádyrum í vatni. Enginn laxfiskur í Hagavatni en lax, urriði og bleikja neðar í Hvítá. Smádyralíf í Hagavatni talið lítið og fábreytt vegna svifaurs og breytilegrar vatnsstöðu.

Engin almenn fornleifaskráning á efra svæðinu. Heimildir um forna byggð suður frá Hvítárvatni sem farið hafi í eyði eftir Heklugos 1104. Minjar í nágrenni Hagavatns eru fyrst og fremst tengdar kolagerð. Í heild litlar vísbendingar um minjar, mest stakar. Heildareinkunn fyrir verðmæti 2,8.

Hluti af lítt snortnu víðáttumiklum víðernum við jaðar Langjökuls. Sérstætt landslag með jökli og fjölbreytilegum gosmyndunum, m.a. stöpum og móbergshryggjum. Einkunn fyrir landslag 5,2 (þar af 8 fyrir sjónrænt gildi) , 4 fyrir víðerni.

Umsögn faghóps II

FH II: Gæði gagna B/C.

<i>Ferðasvæði</i>	<i>Verðmætamat svæðis vegna ferðaþjónustu og útvistar án virkjunarframkvæmda</i>	<i>Röð</i>
Hagavatn	7,38	40

Staðar- númer	Virkjunarhugmynd	Verðmæti svæðis fyrir virkjunarframkvæmdir		Heildareinkunn áhrifa á beit, veiðar, ferðaþjónustu og útivist	Röð
		til beitar	vegna veiða		
39	Hagavatnsvirkjun			3,21	37

Röðun FH I/FH II: 34.

Könnun verkefnisstjórnar: N4, B4, V2.

Rök fyrir röðun í nýtingarflokk:

Eitt af upphaflegum markmiðum virkjunar var að sökkva uppblásturssvæðum og draga úr sandfoki af svæðinu en nú er talið óljóst hvort það muni nást.

MÁU að hluta lokið. Skipulagsstofnun féllst á fyrirhugaða stækkun Hagavatns með skilyrðum 1996.

Forathugun. Rannsóknarleyfi fengið. Vissa um vinnslugetu 85%.

Rök fyrir röðun í biðflokk:

Óvissa gildi virkjunar til að draga úr uppblæstri og sandfoki.

Rök fyrir röðun í verndarflokk:

Stíflun útfalls Hagavatns rýrir gildi svæðisins fyrir ferðamenn. Gripið er inn í náttúrulega rás atburða og strandlínur eyðast. Hér er lifandi landmótun í hraðri framrás, sívirkt landmótunarferli mundi raskast. Miklir möguleikar til nýtingar við fræðslu og þekkingarferða örstutt frá alfarleið ferðamanna.

Flokkun í þingsályktunartillögu: Biðflokkur

Rökstuðningur: Óvissa um gildi virkjunar til að draga úr uppblæstri og sandfoki. Stíflun útfalls Hagavatns rýrir gildi svæðisins fyrir ferðamenn.